


Nr.: STS-019	Tækniskólinn	
Útgáfa: 5.0		
Dags: 15.10.2018	Stefna í alþjóðamálum	
Eig: Aðþjóðafulltrúi		
Ábm: Skólameistari		
Síða 1 af 1		

Inngangur:

Tækniskólinn býður nemendum sínum upp á fyrsta flokks menntun sem nýtist þeim í atvinnulífinu, jafnt og til framhaldsnáms í fagskólum og háskólum, bæði innanlands og utan. Evrópa er að stórum hluta orðið eitt atvinnusvæði og ungt fólk sem er að ljúka námi vill eiga möguleika á að starfa og búa víðs vegar um heiminn, öðlast fjölbætta reynslu, læra nýja siði og venjur sem síðan auðga samfélag þeirra. Tækniskólinn vill veita nemendum sínum möguleika á að kynnast straumum og stefnum erlendis, gefa þeim tækifæri til að víkka sjóndeildarhringinn og að öðlast innsýn í hugsunarhátt og starfsaðferðir erlendra fagaðila til að veita þeim sem mesta möguleika í námi og starfi í framtíðinni.

Markmið:

Tækniskólinn stefnir að því að auka hlut sinn í evrópsku samstarfi m.a. til að nemendur og starfsmenn eigi þess kost að heimsækja erlenda skóla og fyrirtæki og stunda þar nám og starfsnám.

Lögð skal áhersla á gagnkvæmar heimsóknir, jafnframt því að gefa nemendum og starfsmönnum kost á að fara í skólaheimsóknir.

Tækniskólinn tekur einnig á mótí erlendum nemendum og skólafólki.

Aðgerðir og leiðir til árangurs:

Stýrihópur um alþjóðamál skal vera starfandi. Í honum eiga sæti aðstoðarskólameistari, rekstrar- og fjármálastjóri auk alþjóðafulltrúa.

Alþjóðafulltrúi starfar við skólann og hefur það hlutverk að aðstoða nemendur og starfsmenn við allt sem tengist námsferðum

- Sækja um styrki til að tryggja fjármagn
- Finna skóla og fyrirtæki sem henta
- Undirbúa ferðir, sjá til þess að pappírar séu rétt útfylltir og öllum formsatriðum sé fullnægt
- Eftirfylgni með styrkþegum, bæði erlendis og þegar heim er komið

Skólinn kemur til móts við nemendur og starfsmenn með því að gera þeim kleift að fara í ferðir á vinnutíma/skólatíma þar sem því er við komið. Þannig er hægt að heimsækja skóla og stofnanir á þeim tíma sem mest er um að vera þar.